



SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR STAKA INNSKRÁNINGU

SKILMÁLAR OG SKILYRÐI

VINSAMLEGAST LESTU ÞESSA SKILMÁLA VANDLEGA OG VERTU VISS UM AÐ SKILJA ÞÁ ÁÐUR EN ÞÚ VIRKJAR OG NOTAR REIKNING MEÐ STAKRI INNSKRÁNINGU. EINKUM VILJUM VIÐ VEKJA ATHYGLI ÞÍNA Á NOTKUNARSKILYRÐUNUM Í ÁKVÆÐI 3 OG TAKMÖRKUNUM ÁBYRGÐAR Í ÁKVÆÐI 6.

1. Inngangur

1.1. Við, Jaguar Land Rover Limited, bjóðum upp á þjónustu sem gerir þér kleift að stofna almennan stafrænan reikning („SSO-reikning“) þannig að þú getir notað sömu innskráningarupplýsingar fyrir öll þátttakandi vefsvæði JLR, rásir og forrit „**verkvangar**“).

1.2. Þú getur uppfært og stjórnað SSO-reikningi þínum, þar á meðal persónuupplýsingum og kjörstillingum í gegnum verkvanginn/verkvangana.

1.3. Vinsamlegast athugaðu að eftirfarandi gildir um notkun þín á SSO-reikningnum:

1.3.1. notkunarskilmálar vefsvæðis okkar, sem finna má á <https://incontrol.jaguar.com/jaguar-portal-owner-web/about/terms-and-conditions/ISL>, og <https://incontrol.landrover.com/jlr-portal-owner-web/about/terms-and-conditions/ISL> sem kveða á um notkun þína á vefsvæðum okkar;

1.3.2. persónuverndarstefna okkar, sem finna má og lesa á viðeigandi verkvangi/verkvöngum sem þú ert að nota, og fjallar um hvernig við notum þær upplýsingar sem þú afhendir okkur þegar þú notar verkvanginn/verkvangana; og

1.3.3. vafrakökustefnur okkar, sem finna má og lesa á viðeigandi verkvangi/verkvöngum sem þú ert að nota, og fjallar um hvernig við notum vafrakökur, vefmerki og þess háttar tækni þegar þú notar verkvanginn/verkvangana.

2. Þessir skilmálar og skilyrði

2.1. Þegar þú skráir þig fyrir SSO-reikningi ert þú að samþykkja að þessir skilmálar og skilyrði gildi um þig. Ef þú vilt ekki samþykkja þessa skilmála og skilyrði skaltu ekki skrá þig fyrir SSO-reikningi.

2.2. Við áskiljum okkur rétt til að breyta þessum skilmálum og skilyrðum frá einum tíma til annars.

2.3. Þessir skilmálar og skilyrði skulu lesin samhliða skilmálum og skilyrðum hvers vefsvæðis og forrits JLR. Sé einhvers konar ósamræmi á milli þessara skilmála og skilyrða og þeirra skilmála og skilyrða sem gilda um tiltekið vefsvæði eða forrit JLR skulu skilmálar þess tiltekna



vefsvæðis eða forrits JLR gilda.

2.4. Skilmálar og skilyrði okkar skulu vera í gildi þar til þú lokar SSO-reikningi þínum eða á annan hátt hættir áskrift að ýmsum verkvöngum okkar.

3. Notkunarskilmálar

3.1. SSO-reikningur þinn er gjaldfrjálss og er eingöngu til heimilis- og einkanota. Ekki er heimilt að nota SSO-reikning þinn eða endurskapa neitt af því efni sem er að finna á verkvangi/verkvöngum í viðskiptalegum tilgangi eða til endursölu og við berum enga skaðabótaábyrgð á neins konar viðskiptatengdum skaða af neinu tagi.

3.2. Með því að nota SSO-reikninginn ábyrgist þú að þú munt ekki:

3.2.1. nota SSO-reikninginn á neinn hátt sem er ekki í samræmi við þessa skilmála og skilyrði eða á neinn hátt sem brýtur gegn lögum eða reglugerðum sem gilda á viðkomandi svæði, landi eða alþjóðlega;

3.2.2. leyfa neinum öðrum einstaklingi að nota SSO-reikning þinn;

3.2.3. að brjóta gegn hugverkaréttindum okkar eða réttindum þriðja aðila við notkun þína á SSO-reikningnum.

3.3. Komi til brots gegn einhverjum af þessum skilmálum og skilyrðum eða ef grunur leikur á misnotkun á innskráningarupplýsingum þínum eða SSO-reikningnum höfum við rétt til að loka SSO-reikningi þínum og neita þér um aðgang að verkvangi/verkvöngum. Við áskiljum okkur einnig rétt til að gera þig skaðabótaskylda(n) fyrir öllum afleiðingum slíkrar misnotkunar.

3.4. Ef við sækjum ekki rétt okkar gegn þér eða það dregst, þýðir það ekki að við höfum afsalað okkur réttindum til þess eða að þú þurfir ekki að uppfylla skuldbindingar þínar, hvorki í viðkomandi tilviki né í framtíðinni.

3.5. Okkur er heimilt að loka SSO-reikningi þínum tafarlaust ef við höfum að veita þjónustuna fyrir staka innskráningu af hvaða ástæðu sem er.

4. Skráning og fánleiki

4.1. Þær persónuupplýsingar sem þú veitir við skráningu skulu vera sannar og réttar og þú skalt uppfæra slíkar upplýsingar ef það verða breytingar á þeim. Vinsamlegast gættu trúnaðar gagnvart innskráningarupplýsingum og ekki afhenda þær neinum svo komið sé í veg fyrir óheimila notkun á SSO-reikningi þínum.

4.2. Við áskiljum okkur rétt til að hafna skráningum fyrir SSO-reikningi í hvaða tilviki sem er.



4.3. Þótt við munum leita allra sanngjarnra leiða til að halda úti þjónustu og samskiptum og uppfæra allt efni, getum við ekki ábyrgst að allir verkvangar séu ávallt aðgengilegir, og við getum heldur ekki lofað neinu um réttmæti eða heilleika efnisins eða upplýsinganna sem þar er að finna.

4.4. Þjónustan fyrir staka innskráningu er veitt eins og hún kemur fyrir og við getum ekki ábyrgst að hún sé laus við villur eða ávallt í boði. Þjónustan fyrir staka innskráningu getur rofnað tímabundið og/eða legið niðri á meðan á viðhaldi eða breytingum stendur, eða truflanir verða á miðlum og samskiptum þriðja aðila.

4.5. Við gerum mögulega breytingar á þjónustunni fyrir staka innskráningu þegar breytingar verða á þjónustuaðilum okkar, þegar það verður lagaleg breyting sem krefst þess að við breytum virkni og gerum úrbætur. Getir þú ekki samþykkt þessar breytingar getur þú lokað SSO-reikningi þínum hvenær sem er.

4.6. Með því að nota SSO-reikning þinn staðfestir þú og samþykkir áhættu og takmarkanir internetsins en við munum leita allra sanngjarnra leiða til að bregðast við öllum vandamálum sem okkur er bent á.

5. Hugverkaréttindi

5.1. Öll hugverkaréttindi, þar á meðal að því marki sem við á, höfundarréttur, vörumerki, hönnunarréttindi, einkaleyfi eða önnur hugverkaréttindi, hvort sem þau eru skráð eða ekki, eru í eigu okkar eða háð leyfi frá okkur, nema að annað sé gefið til kynna.

5.2. Að undanskilinni notkun þinni á SSO-reikningi þínum í samræmi við þessa skilmála og skilyrði, hefur þú enga heimild til að nota eða, án takmarkana, afrita, breyta, senda, dreifa, birta, endurskapa, gefa út, veita leyfi fyrir eða á neinn hátt nota þau hugverkaréttindi sem er að finna á verkvangi/verkvöngum okkar án fyrirfram skriflegs samþykkis.

6. Takmörkun skaðabótaábyrgðar

6.1. Við berum ábyrgð á hvers konar tjóni eða skaða sem þú verður fyrir sem er fyrirsjáanleg afleiðing brots okkar á þessum skilmálum og skilyrðum eða vanrækslu okkar en við berum ekki ábyrgð á neinu tjóni eða skaða sem ekki er fyrirsjáanlegur.

6.2. Við berum ekki ábyrgð á neins konar óbeinu eða afleiddu tjóni, þar á meðal fjárhagslegu tjóni, sködduðu orðspori eða tapi á gögnum. Við berum ekki ábyrgð á neins konar viðskiptalegu tjóni.

6.3. Við berum enga ábyrgð á neinum misbresti á því að inna skyldur okkar af hendi eða töfum á slíku samkvæmt þessum skilmálum og skilyrðum vegna atburða utan stjórnar okkar, þar á meðal án takmarkana, verkföll, verkbönn eða aðrar atvinnutengdar aðgerðir af höndum þriðju



aðila, borgaraleg uppbot, óeirðir, innrás, hryðjuverkaárás eða hótun um hryðjuverkaárás, styrjöld (hvort sem henni er lýst yfir eða ekki) eða hótun eða undirbúningur styrjaldar, eldsvoði, sprengingar, stormur, flóð, jarðskjálfti, landsig, faraldur eða náttúruhamfarir, bilun í opinberum eða persónulegum fjarskiptakerfum eða athafnir eða athafnaleysi löggæsluyfirvalda eða neyðarþjónustu.

6.4. Við útilokum ekki eða takmörkum ábyrgð okkar á dauðsföllum eða líkamstjóni af völdum vanrækslu okkar, svika eða sviksamlegra rangfærslna eða á neinu sem myndi teljast ólöglegt eða ólögmaett af okkar hálfu að útiloka eða reyna að útiloka ábyrgð okkar á.

6.5. Ekkert í þessum skilmálum og skilyrðum skal hafa áhrif á lagaleg réttindi þín sem neytandi.

7. Aðrir mikilvægir skilmálar

7.1. Hvert ákvæðanna í þessum skilmálum og skilyrðum gildir óháð öðrum. Sé skorið úr um að einhver ákvæði séu ólögleg, ógild eða á annan hátt óframfylgjanleg skulu önnur ákvæði standa eftir í fullu gildi.

7.2. Þessir skilmálar og skilyrði heyra undir lög í Englandi og Wales. Þetta þýðir að allur ágreiningur eða kröfur vegna eða í tengslum við þessa skilmála og skilyrði skal heyra undir lög í Englandi og Wales og að dómstólar í Englandi og Wales skulu einir hafa lögsögu. Ef þú hins vegar hefur búsetu á Norður-Írlandi eða Skotlandi getur þú höfðað mál á Norður-Írlandi eða Skotlandi (eftir því sem við á).